



3. stjórnarfundur LH

Haldinn 26. nóvember 2016 í Stykkishólmi kl. 14:00

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson, Jóna Dís Bragadóttir, Helga B. Helgadóttir, Eyþór Jón Gíslason, Ólafur Þórisson, Haukur Baldvinsson úr aðalstjórn og Magnús Benediktsson, Rúnar Bragason, Stefán G. Ármannsson, Sóley Margeirsdóttir, Ingimar Ingimarsson úr varastjórn

Fjarverandi: Andrea M. Þorvaldsdóttir og Sóley tekur því sæti í aðalstjórn

1. Fundargerð síðasta fundar - samþykkt

2. Val í nefndir

- Skipað verður í nefndir eftir Landsþing til tveggja ára í senn. Nefndarmönnum sent formlegt skipunarbréf.
- Stjórn gerir þá kröfu að formaður aganefndar sé löglærður.
- LÁH, JDB og HBH halda áfram með þessa vinnu og skila tillögu á næsta fundi.

3. Feif þingið; menntanefnd og útreiðarnefnd

- LH stingur upp á Sveini Ragnarssyni í menntanefnd FEIF og Hlín Mainka í útreiðarnefndina.
- Fá tíma í dagskrá til að kynna myndböndin í WorldFeng.
- Fyrir FEIF – HBH, HG, SP
- Fyrir LH – gjaldkeri, formaður, varaformaður

4. Félagatal

- Það kom beiðni frá FEIF um að lesa saman félagatöl FHB og LH, þ.e.a.s. ekki að tvítelja félagi á milli þessara tveggja sambanda. Þessi vinna er í gangi á skrifstofu.

5. Dagsetning landsmóta

- Vinna áfram og senda bréf á aðildarlönd FEIF.

6. Lán Landsmóts ehf.

- Landsmót ehf. er með lán hjá Íslandsbanka og greiða þarf vexti af því. BÍ og LH munu greiða þá vexti, þá eftir eignarhaldi á Landsmóti ehf, LH greiðir þá 2/3 og BÍ 1/3. Samþykkt að LH greiði sinn hluta.

7. Trec

- Rætt var um Trec, tekinn fyrir tölvupóstur þess efnis frá Tómasi Inga Olrich. Samþykkt að svara honum og skoða aðild okkar að FITE, alþjóðasamtökum um hestaferðamennsku
- Rætt um framtíð Trec og ákveðið að athuga hvort hægt sé að fá áhugasamt fólk í nefndina..



8. Landsmót 2020, samningur við Rangárbakka

- a. Formaður og varaformaður eru að vinna að drögum með forsvarsmönnum Rangárbakka. Fundur milli samningsaðila er fyrirhugaður í desember. Varaformaður kemur inn í samninga í stað gjaldkera sem stígur til hliðar í samningum við Rangárbakka.

9. Hálendisþjóðgarður

- a. Óskað var eftir opinberum stuðningi LH við verkefnið. Ekki var vilji fyrir því að styðja verkefnið opinberlega.

10. Sigurður Ólafsson hefði orðið 100 ára 4. desember

- a. JDB verður fulltrúi LH við það tækifæri.

11. Önnur mál

- a. Uppskeruhátíð
 - i. Samþykkt var að búa fljótlega til nefnd til að undirbúa næstu hátíð, einn frá FHB og einn frá LH. Magnús Ben mun vera fulltrúi LH.
 - ii. Styrkveiting til Meistaradeildar æskunnar. Innsent bréf frá hestamannafélaginu Fái um beiðni um styrk að upphæð 80.000. Samþykkt að greiða fyrir fyrirlestur Viðars Halldórssonar sem haldinn verður fyrir þátttakendur og aðstandendur deildarinnar.
 - iii. Punktar frá skrifstofudömum frestað til næsta fundar.
 - iv. EJK kynnir stuttlega fjarfundarbúnað fyrir stjórn og nefndir samtakanna. Gjald fyrir streymi 1.200 kr á mánuði.

*Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16:00.
Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir.*